**Nd.** **461. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 7. gr. Ný málsgr.:

   Síðari málsgrein sömu greinar skal orða svo:

   Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða það þar við þrjár umræður.

2. Á eftir 7. gr. skulu koma tvær nýjar greinar:

a. Upphaf 40. gr. stjórnarskrárinnar skal orða svo:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má o. s. frv.

b. Fyrir orðin »ræður þá atkvæðafjöldi ...... en eigi ná þó« í 41. gr. komi: Atkvæðafjöldi ræður úrslitum um einstök málsatriði. Þó þarf $^{3}/_{5}$ hluta greiddra atkvæða til samþykkis þeirra einstakra fjárveitinga, sem hljóða upp á persónulegar styrkveitingar. Eigi ná ...